

Samþykkt fyrir notendaráð fatlaðs fólks Þjónustusvæðið í Eyjafirði

Hlutverk og tilgangur

Hlutverk notendaráðs er að gera fötluðu fólki kleift að hafa áhrif á skipulag og framkvæmd þjónustu sveitarfélaganna. Ráðið hefur samráð við hagsmunasamtök fatlaðra og íbúa á þjónustusvæðinu og vera ráðgefandi fyrir sveitastjórnir og stofnanir sveitarfélaganna. Notendaráð á að vera talsmaður fatlaðra íbúa og stuðla að jafnrétti þeirra á við aðra, fylgjast með stefnumótun og þróun hugmyndafræði er varða réttindi fatlaðs fólks og vera leiðandi í framþróun málefna þess.

Tilnefning og skipun

Ráðið er skipað fötluðu fólki sem býr á þjónustusvæðinu eða talsmönnum þeirra. Hagsmunasamtökin Þroskahjálp á Norðurlandi eystra, Sjálfsbjörg Akureyri og nágrenni og Grófin - geðverndarmiðstöð tilnefna einn frá hverju félagi og annan til vara. Auk þeirra sitja í ráðinu einn fulltrúi tilnefndur frá velferðarráði og einn starfsmaður frá félagsþjónustunni sem jafnframt er starfsmaður ráðsins. Velferðarráð skipar í ráðið að fengnum tilnefningum. Skipunartími ráðsins eru 2 ár í senn og geta fulltrúar setið þrjú tímabil, allt að 6 ár.

Fundir

Akureyrarbær leggur ráðinu til starfsaðstöðu vegna funda. Á fyrsta fundi nýs ráðs fer fram kosning formanns sem skal vera einn af fulltrúum notenda í ráðinu. Notendaráðið skal að jafnaði funda ársfjórðungslega en formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Ráðið setur sér reglur um starfshætti s.s. fundarsköp, verkefni og verkaskiptingu og boðun funda. Notendaráð getur óskað eftir fundi með ráðum og nefndum sveitarfélaganna sem geta einnig óskað eftir fundum með notendaráði. Í júní ár hvert skal formaður skila skýrslu um störf ráðsins og kynna hana fyrir velferðarráði Akureyrarbæjar og þjónusturáði um sameiginlegt þjónustusvæði í Eyjafirði um þjónustu við fatlaða.

Verkefni

Notendaráðið á að vera ráðgefandi varðandi stefnumótun um málefni fatlaðs fólks á svæðinu og tekur til umfjöllunar málefni er snúa að þeim frá hinum ýmsu nefndum bæjarfélaganna. Notendaráðið getur einnig tekið upp mál að eigin frumkvæði og rætt ábendingar og tillögur sem koma frá notendum þjónustunnar, þó ekki er varða einstaklingsmál.

Samþykkt í velferðarráði Akureyrarbæjar 15. júní 2016